

Ár 1974, fimtugdaginn 9. maí, var í málinu nr. 33/1972 kveðinn upp af Yfirfasteignamatarnefnd svohljóðandi

Ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að í aðalmati fasteigna var fasteignin nr. 14 við Reykjanesveg í Yrti-Njarðvík metin á samtals kr. 2.335 þúsund., það er íbúðarhús á kr. 2.250.000.- og lóð á kr. 76.000.-. Reist hefir verið skúrbygging á lóð fasteignar þessara, sem var metin á kr. 232.000.- með mati millimatsmanna, dags. 18. desember 1972.

Með bréfi, dags. 21. desember 1972, kærði eigandi fasteigar þessarar ofangreint mat, þar sem hann taldi það of hátt. Er kærnan nánar rökstudd í bréfi þessu, og er meðal annars tekið fram, að skúrinn sé aðeins notaður til bráðabirgða fyrir geymslu og skrifstofu. Standi til að nota hann sem bílgeymslu og verði þá hitunarkerfi fjarlæggt.

Að tilhlutan Yfirfasteignamatarnefndar hefur farið fram athugun á ofangreindri byggingu. Notkun þeirri, sem fyrr er lýst, hefur ekki verið breytt. Að því og öðrum atriðum athuguðum, þykir fasteignamat mannvirkis þessa hæfilega ákveðið kr. 254.000.-.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fasteignamataverð ofangreindrar skúrbyggingar ákveðst kr. 254.000.-.

Gaukur Þórundsson

Torfi Ásgeirsson

Pállni Jónsson